

	kr.
A. Fyrir tæmingu á 240 l íláti	kr. 10.700
B. Fyrir tæmingu á 500 – 660 l íláti.....	kr. 16.700
C. Fyrir tæmingu á 1100 l íláti.....	kr. 38.800

4. gr.

Árið 2002 er veittur 30% afsláttur af sorphirðugjaldi sbr. 3. gr. og verður gjaldið sem hér segir:

	kr.
A. Fyrir tæmingu á 240 l íláti	kr. 7.490
B. Fyrir tæmingu á 500 – 660 l íláti.....	kr. 11.690
C. Fyrir tæmingu á 1100 l íláti.....	kr. 27.160

Eigendur sumarbústaða skulu á árinu 2002 greiða kr. 2.000 í sorphirðugjald enda sé þeim gert kleift að losa sig við sorp á gámasvæðum sem skulu vera að lágmarki þrjú í sveitarfélaginu.

5. gr.

Á árinu 2002 skulu þeir, sem skv. sérstökum samningi við sveitarfélagið, stunda jarðgerð á lífrænum heimilisúrgangi njóta 2.000,00 kr. afsláttar af sorphirðugjaldi.

6. gr.

Sorphirðugjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar sbr. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og gildir frá 1. janúar 2002. Um leið er úr gildi felld gjaldskrá nr. 326/2001 um sama efni.

Eyjafjarðarsveit, 31. janúar 2002.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit sem staðfest var af umhverfisráðuneytinu 19. mars 2002.

2. gr.

Próargjald fyrir árið 2002 skal vera kr. 4.000 fyrir þrær undir 3600 l að rúmmáli og kr. 6.000 fyrir 3600 l þrær eða stærri.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 30. október 2001, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, gildir frá og með 1. janúar 2002.

Eyjafjarðarsveit, 26. mars 2002.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

1.1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir eða draga úr beinum og óbeinum áhrifum frá losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda út í umhverfið, einkum út í andrúmsloftið, og þeirri hugsanlegu hættu sem heilsu manna er búin.

1.2. Reglugerðin gildir um starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka, að því marki sem slík starfsemi er yfir þeim þröskuldsgildum fyrir notkun leysiefna sem eru tilgreind í II. viðauka.

2. gr.

Skilgreiningar.

2.1. *Stöð*: staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem fellur undir gildissviðið sem skilgreint er í I. viðauka og hver önnur starfsemi sem gæti haft áhrif á losun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem fram fer á staðnum.

2.2. *Stöð í rekstri*: stöð, sem er í rekstri eða hefur fengið leyfi, í samræmi við reglugerðir sem um það gilda, eða stöð, sem sótt hefur verið um leyfi fyrir innan árs frá gildistöku reglugerðar þessarar.

2.3. *Lítill stöð*: stöð sem fellur undir lægstu þröskuldsgildi, sem eru tilgreind í 1., 3., 4., 5., 8., 10., 13., 16. eða 17. lið II. viðauka A eða stöð þar sem önnur starfsemi tilgreind í II. viðauka A, fer fram og notkun leysiefna er undir 10 tonnum á ári.

2.4. *Umtalsverð breyting*:

– þegar í hlut á stöð, sem heyrir undir gildissviði I. viðauka reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun gildir skilgreiningin sem kveðið er á um í þeirri reglugerð;